



## Sjálfsmatsskýrsla Marbakka 2022

Skólaárið 2021 til 2022 endurmetið

## Inngangur

Skólaárið 2021-2022 var fyrsta starfsár Öldu Agnes sem leikskólastjóra og Steinunnar sem aðstoðarleikskólastjóra. Ljóst er að með komu þeirra í Marbakka kom rót á suma þá starfsmenn sem voru búnir að vinna í Marbakka í mörg ár því hluti þeirra starfsmanna ákváðu að fara annað til starfa á eða í lok skólaársins. Þrír starfsmenn létu af störfum á skólaárinu vegna aldurs. Ágætlega tókst að manna í lausar stöður á skólaárinu og meðal annars kom til starfa nýr reynslu mikill sérkennslustjóri í febrúar 2022. Ljóst er að með því fólki sem hverfur á braut fer dýrmætur mannauður en tækifæri felast líka í breytingum og í skólastarfi er grundvallar atriði að stöðugt sé unnið að þróunarstarfi svo menntun og ummönnun barnanna nái að blómstra. Mikilvægur þáttur í leikskólastarfi er að meta starfið með kerfisbundum hætti og bregðast við með umbótaverkefnum þegar matið bendir á að úrbóta sé þörf.

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmat sem fór fram í Marbakka skólaári 2021 til 2022. Matsáætlun fyrir skólaárið var fylgt eftir að mestu leiti og gagnaöflun höfð sem fjölbreyttust. Gagna var aflað hjá börnum, foreldrum og starfsfólki leikskólans og má þar nefna viðhorfskönnun meðal allra starfsmanna, markvissar umræðum starfsfólks um starfið, endurmatssamtal við foreldraráð Marbakka, foreldraviðtöl, starfsmannasamtöl og rýnihópaviðtöl við börn. Allt eru þetta dæmi um gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Starfið var einnig metið jöfnum höndum á starfsmannafundum, deildafundum, deildastjórafundum og á fundum lausnateymis leikskólans. Sjálfsmat Marbakka er umbótamiðað og niðurstöður þess settar fram opinberlega á heimasíðu leikskólans.

Skýrsluna tók saman Alda Agnes, leikskólastjóri en stjórnendateymi leikskólans það er deildarstjórar, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri lásu yfir og komu með ábendingar.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Efnisyfirlit.....	3
Umbótalistinn fyrir skólaárið 2021-2022 yfirfarin.....	4
Samantekt á svörum deildarstjóra við endurmatsspurningum vor 2022 .....	6
Viðhorfskönnun meðal starfsmanna mars 2022 - samantekt.....	7
Endurmat starfsmanna á daglegum þáttum á skipulagsdegi 16. maí. ....	8
Endurmat með foreldraráði leikskólans. ....	9
Rýnihópur 10 barna fædd 2016,.....	11
Símenntunaráætlun endurmetin. ....	12
Endurmat sérkennslunnar.....	12
Matsáætlun endurmetin. ....	13
Samantekt .....	14
Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2022-2023 .....	14

## Umbótalistinn fyrir skólaárið 2021-2022 yfirfarin.

- Endurskoðun á skólanámskrá Marbakka hefst á skólaárinu og miðað er við endurskoðun hennar ljúki vorönn 2023. Kaflar úr skólanámskránni endurskoðaðir á þessu starfsári í takti við umbótarverkefni sem eru á áætlun. **Endurskoðunin hafin en gengur hægar en var ætlað.**
- Aðkoma foreldra í matsteymi rædd með foreldraráðinu í október og aðkoman skipulögð. Hvaða þætti og með hvaða hætti þeir óska eftir að koma að fyrir utan mat og yfirlestur á starfsáætlun, leikskóladagatali. **Þetta ekki gert.**
- Upplýsingamiðlun milli stjórnenda verður endurskipulögð. Áhersla lögð á að upplýsingar verði aðgengilegar þeim sem þær eiga erindi til en ábyrgðin lögð í hendur þeirra sem þurfa og vilja fá upplýsingar að þeir sæki þær. Reynt að hafa upplýsingar sem mest í rafrænu formi í viðleitni til sjálfbærni, spara pappír og prentsvertu. **Niðurstaðan í starfsmannasamtölunum sem flest fóru fram í mars/apríl að enn má gera betur þegar kemur að upplýsingamiðlun.**
- Formleg starfsmannasamtöl verða tekin við alla starfsmenn í janúar og febrúar 2022. Stuðst verður við stöðluð spurningaform og sama form verður fyrir alla starfsmenn. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta með sér viðtölunum. **Allir fengu starfsmannaviðtal en þau drógust fram í apríl, fyrir utan þrjú sem tekin voru í júní vegna aðstæðna.**
- Verklag í kringum móttöku nýrra starfsmanna verður endurskoðað í upphafi skólaársins og verklaginu fylgt þegar nýir starfsmenn taka til starfa í Marbakka. **Verklagi var breytt, búin til viðtalsform til að styðjast við og hlutverk aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra í starfsmannamóttökunni ákveðin.**
- Á haustönn veður haldið slysavarna- og skyndihjálparnámskeið, annað hvort á skipulagsdegi í nóvember eða á sér fundi í október þegar skipulagsdagur settur 3. janúar 2022 er unninn af sér. **Námskeið haldið.**
- Fræðsla verður um barnaverndarstarf á skipulagsdegi í september. **Fræðslan fór fram.**
- Samstarf, samskipti og efling lærdómssamfélags sett í brennidepil á skólaárinu. Í gegnum þær áherslur verður unnið að góðum starfsanda, samskiptin bætt, hlúð að styrkleikum starfsmanna þegar kemur að starfsaðferðum leikskólans og stefnt að því að röddum allra starfsmanna gefið rými. **Spurt var um þetta í könnun meðal deildarstjóra í júní 2022 og lærdómssamfélag stutt á veg komið.**
- Áhersla verður sett á sjálfbærni og ryki dustað af lokaskýrslu sem kom út þegar verkefninu „Náttúran og nærumhverfið - Þróunarverkefni Kópavogsbæjar í sjálfbærni veturinn 2014 – 2015“ lauk. Aðeins hefur þokast í rétta átt. **Mikil tækifæri enn til að minnka matarsóun, huga að eiturefnafríum efnivið þegar keypt er nýtt inn o.fl. Börnin voru spurð um matarsóun og sjálfbærni í rýnihópaviðtali sem tekið var við þau í júní og þau virðast ekki vera að tengja við umræðuna að henda mat og minni matarsóun.**
- Farið yfir skipan öryggisnefndar og hlutverk. Skerpa sérstaklega á ferlum í kringum einelti og ofbeldi. **Gert.**
- Endurheimta skal gæðaaorðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli. Mannauður og mikil þekking og reynsla í starfsmannahópi Marbakka í starfsaðferðum Reggio Emilia verður nýtt til að efla lærdómssamfélag leikskólans. **Þetta verkefni fór af stað en svo í bremsu vegna ólíkra sjónarmiða í stjórnendahópnum. Áfram unnið að þessu.**
- Námstækifæri í Marbakka bæði úti og inni verða skoðuð á þessu starfsári með áherslu á fjölbreytni og hlutverk starfsmanna. **Hætt var við þetta verkefni heilt yfir leikskólann, fékk ekki hljómgrunn en var unnið á einni deild. Deildarstjóri á þeirri deild metur að breytt námstækifæri á deildinni hafi skilað sér til bættra námsaðstæðna fyrir börnin.**

- Lýðræði í starfi með börnunum eftt. Áhersla lögð á að lýðræði sé að verki í dagsins önn þannig að börnin hafi áhrif á viðfangsefni dagsins. Ekki sé verið að leggja fyrir þau mikið af verkefnum sem ákveðin eru af fullorðnum heldur sé áhuga barnanna fylgt eftir með fjölbreyttum námsframboðum. **Misjafnt eftir deildum.**
- Skapandi starf, heilsusamlegt mataræði leikskólabarna og námsumhverfið verður skoðað á skólaárinu og tengt endurskoðun á skólanámskránni, eflingu lærdómssamfélagsins og vinnu við að endurheimta orðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli. **Þetta skoðað, eldað enn frekar eftir heilsumatseðli en áður og hugað að umhverfinu m.a. matstofa máluð og breytt uppsetning.**
- Tölvuvinna og rafræn geymsla gagna samræmd og heimasíðan uppfærð. Hvernig unnið er með rafrænar fréttir og upplýsingar verður tekið til skoðunar og fundnar leiðir sem standast ný persónuverndarlög í samvinnu við tölvudeild Kópavogs. Listi tekin saman í upphafi skólaárs hvað þarf að samræma og uppfæra. **Heimasíðan var uppfærð og reynt að fremsta megni að fá upplýsingar hjá tölvudeildinni um meðferð og geymslu rafrænna gagna og vinna samkvæmt þeim leiðbeiningum. Þetta er framhaldsvinna því alltaf eru breytingar.**

#### Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Aðkoma foreldra í matsteymi rædd með foreldraráðinu í nóvember og aðkoman skipulögð. Hvaða þætti og með hvaða hætti þeir óska eftir að koma að mati fyrir utan mat og yfirlestur á starfsáætlun og leikskóladagatali.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Haldinn fundur með foreldraráði í nóvember.  
Tímarammi: Nóv. 2022  
Mat: Athugað hvort þetta hafi verið gert þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Áfram skal leitað leiða við að gera upplýsingastreymi milli starfsmanna skilmerkilegt og aðgengilegt öllum starfsmönnum auk þess að efla þá í að vita hvar upplýsingarnar liggja.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Listaðu upp hvar tregða er í upplýsingamiðlun og hvar starfsmenn geta nálgast upplýsingar.  
Tímarammi: Næsta skólaár  
Mat: Spurt um upplýsingastreymi í starfsmannasamtölum í febrúar/mars.
- Unnið skal enn frekar að sjálfbærni í leikskólanum með auknu samtali við börnin um til dæmis um sóun og orðið sjálfbærni. Innkaup skulu skoðuð út frá sjálfbærni og umhverfisvernd.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og sóun. Einnig til færa innkaup sem gerð eru fyrir skólann átt að sjálfbærni.  
Mat: Spurt um sjálfbærni og sóun í viðhorfskönnun elstúbarnanna að vori.
- Endurheimta skal gæðaorðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli.  
Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Setja fréttir um starf í Marbakka sem er dæmigert starf í anda Reggio Emilia á samfélagsmiðla tvisvar til þrisvar á önn. Kynnum starf Marbakka fyrir foreldra í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar reglulega yfir skólaárið. Starfsmenn taka þátt í kynningum þegar færi gefst til vekja athygli á frábæru starfi Marbakka.  
Tímarammi: Til vors 2023.  
Mat: Metið með talningu í maí 2023 á uppeldisfræðilegum skráningum sem sendar eru á foreldra, fréttum frá Marbakka og fjölda kynngina sem starfsmenn Marbakka hafa tekið þátt í.

## Samantekt á svörum deildarstjóra við endurmatsspurningum vor 2022

### **Einkunnarorð leikskólans eru „Sjálfstæð, glöð og skapandi börn“. Hvernig hefur þú og þín deild unnið að þeim samhliða því að viðhalda skólaþróun?**

Tveir deildarstjóra segja frá því að þeir hafi breytt umhverfi deildanna sinna til að gera efnivið meira aðgengilegan og annar segir að opinn efniviður, dót og verkfæri séu í nálægð barnanna. Allir deildarstjórnarnir segja frá skapandi vinnu með börnunum, deildarstjóri segir frá því að ekki hafi öll verkefni í skapandi vinnu verið eftir áhugasviði barnanna en reynt hafi verið á deildinni að bjóða uppá verkefni sem börnin gætu valið um að taka þátt í. Sami deildarstjóri bendir á að það eru tækifæri til að bæta í og auka aðgengi að opnum efnivið og efla vinnu með hann, sérstaklega inni. Annar sagði frá upplifun af mikilli breytingu í skapandi starfi þar sem boðið væri mikið meira uppá skapandi starf í frjálsum leik og meiri áhersla væri lögð á ferlið en ekki útkomuna sem og að aukið frelsi sé orðið í starfi deildarinnar og að nú sé áhugi barnanna eltur í nánast öllu starfi. Deildarstjórnarnir segja að börnin í Marbakka eru hvött áfram og þau spurð spurninga til að heyra og finna áhuga þeirra. Allir segja frá því að ýtt sé undir sjálfstæði þeirra með því að hjálpa sér sjálf og þá sérstaklega í fataherbergi og í matmálistímum. Einnig er sagt frá að börnin hafi áhrif á verkefnaval, að á þau sé hlustað.

### **Hvernig stuðlar þú og starfsfólk deildarinnar að lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna í skólalífinu?**

Fram kemur í svörum deildastjóranna að hlustað er eftir áhuga barnanna og að þau fái að einhverju leyti val um hvað þau fást við. Í frjálsum leik fá börnin stundum að velja sér leikefni og að börnin taki þátt í starfinu eins og þau hafi forsendur til. Fram kemur í svörum tveggja deildastjóra að dregið hefur verið úr skipulögðum stundum og að lögð hafi verið meiri áhersla á að kennararnir séu með börnunum í verkefnum og leik og styðji þannig við félagsleg samskipti, samvinnu og samtali.

### **Hvernig hefur samstarfi þínu við aðra deildarstjóra og fagfólk innan skólans verið háttað á þessu skólaári?**

Deildarstjórnarnir eru sammála um að það er ekki mikið eða gott samstarf á milli allra deildarstjóra skólans. Yngri deildarnar vinna ágætlega saman en ekki er mikið samstarf á milli efri og neðri hæðar. Allir tala um að meira mætti vera af samráði og fundum þar sem fagleg málefni væru rædd. Handleiðslufundur deildarstjóra mættu vera fleiri en orðu á árinu, deildarfundir og starfsmannafundir, meira samstarf og fleiri fletir til samskipta. Einnig kemur fram að það ríkir ekki nægilegt traust innan stjórnendahópsins, fjarlægð hafi myndast í hópnum og sumir upplifa óeiningu og hræðslu við að segja hlutina hreint út. Einn deildarstjóri upplifir/segir frá boðum og bönnum, að ákvarðanatökur séu ekki lýðræðislegar og talar einræðisstjórnun. Samstarf við nýjan sérkennslustjóra hefur verið jákvætt og gott að mati deildarstjóranna.

Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Styrkja lýðræðislegt samstarf og virkja mannauð í Marbakka í gegnum leiðtogahlutverk starfsmanna í anda lærdómssamfélags.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Við endurskoðun á skólanámskrá Marbakka verður lýðræði, jafnrétti og mannréttindi krufið og í tengslum við það lærir starfsfólk saman um lýðræðislega samvinnu tengt fræðslu um lærdómssamfélag frá síðasta skólaári.  
Tímarammi: Allt skólaárið en hefst í október á endurskoðun skólanámskrá Marbakka.  
Mat: Spurt um samvinnu, lýðræði og stjórnunarhætti í viðhorfskönnun starfsmanna að vori.
- Aðstoðarleikskólastjóri, leikskólastjóri og sérkennslustjóri efla sig í lýðræðislegum stjórnunarháttum.  
Ábyrgð: Leikskólastjóri  
Leiðir: Aðstoðar-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja fræðslu hjá menntafléttunni til að styrkja stjórnendur til að leið lýðræðislegt skólalíf.  
Tímarammi: Allt skólaárið 2022 til 2023  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Stuðla að tímum fyrir faglega umræðu.  
Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri  
Leiðir: Skipuleggja undirbúningstíma með þeim hætti að faghópsumræður geti myndast.  
Tímarammi: Skipuleggja að hausti, endurskoða skipulag um áramót.  
Mat: Spurt um árangur í viðhorfskönnun starfsmanna í maí.

## Viðhorfskönnun meðal starfsmanna mars 2022 - samantekt

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna fór fram í mars 2022. Niðurstöðurnar voru um margt athyglisverðar og sterkar vísbendingar um að vinna þarf að betri samvinnu milli starfsmanna, að nýir stjórnendur vinni sér inn meira traust og deildastjórahópurinn eflist í teymisvinnu. Í niðurstöðunum kemur fram að alltof hátt hlutfall hefur upplifað að aðrir en þeir sjálfir hafa verið lagðir í einelti og mikilvægt að bregðast við því meðal annars með því að styrkja starfsmenn til að koma samstarfsfólki sínu til hjálpar. Í niðurstöðunum kemur jafnframt fram að stjórnendateymið þ.e. leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar geta ræktað mannauðinn betur og valdeflt starfsfólk leikskólans. Bæta þarf starfsandann og gera Marbakka að eftirsóttum vinnustað.

Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Fræða starfsmenn um einelti, forvarnir og viðbrögð.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri  
Leiðir: Koma með fræðslu á starfsmannafundi haust 2022 um einelti.  
Tímarammi: Sept/okt 2022  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Gera feril um viðbrögð við einelti betur sýnilegan öllum.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri  
Leiðir: Prenta út ferilinn og setja á töflu í kaffistofu og birta á workplace  
Tímarammi: júní 2022  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri þróa samstarf sitt til lýðræðislegra stjórnunarháttanna í anda lærdómssamfélagsins.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja menntfléttunámskeið um forystu um nám og styðjandi menningu á vinnustaðnum.  
Tímarammi: Allt skólaárið 2022/2023  
Mat: Fyrirhugaðir þátttakendur námskeiðsins meta árangur af þátttöku. Spurt um stjórnun leikskólans í viðhorfskönnun meðal starfsmanna maí 2023.

## Endurmat starfsmanna á daglegum þáttum á skipulagsdegi 16. maí.

Endurmatsumræður voru teknar í sal með öllum starfsmönnum þar sem ákveðnir þættir í starfinu voru teknir fyrir og endurmetnir. Þættir sem teknir voru fyrir voru samverustundir, frjálsleikur og námstækifæri og útivera. Lagt var upp með að starfsmenn myndu nefna það sem vel er gert og skoða umbótatækifæri.

Samverustundir: Í umræðunni um það sem vel er gert var nefnt að það er sungið, lesið, farið yfir veðrið, spjallað, farið í leiki, framkoma æfð, dagskipulagið yfirfarið og rætt um atvik sem upphafa komið. Samverustundir eru settar upp með skipulagðri rútínu. Í gegnum þessa þætti er meðal annars unnið að sjálfstyrkingu, málörvun og félags- og tilfinningaþroska. Það sem kom fram í umræðunni um hvað má bæta var meðal annars fjölbreyttari laga val, hafa þau árstíðarbundin, hafa fagnaðarfundina markvissari. Tækifæri eru til að efla lestur fyrir börnin í Marbakka, lestur bóka, jafnvel framhaldssagna fyrir eldri börnin. Einfalda lestur fyrir þau yngstu og lesa meira og nýta hjálparbrúður í meira mæli.

Frjálsleikur – námstækifær: Það sem vel er gert er til dæmis að starfsmenn eru til staðar, áhugi barnanna er eltur. Starfsmenn setja inn kveikjur til að skapa tækifæri til allskonar leikja og bjóða viðfangsefni sem reyna á svæði mögulegs þroska. Í frjálsa leiknum hafa börnin tækifæri til að takast á við svipuð námstækifæri í ólíkum aðstæðum. Það sem hægt er að gera betur er að vinna meira með verðlausan efnivið í frjálsa leiknum, meira með eininga- og holukubba, setja upp kveikjur í meira mæli áður en leikur hefst. Efla trú starfsmanna á frjálsa leiknum sem árangursríkri námsleið og þeir ígrundi hvernig aðkoma þeirra að leiknum getur bæði aukið námsmöguleika barnanna og dregið úr þeim.

Útivera: Það sem vel er gert er að farið er í vettvangsferðir sem gefa ótal tækifæri, auka úthald, börnin kynnast nærumhverfinu og takast á við fjölbreytilegar aðstæður. Börnin fara út í öllum veðrum og reyna á eigin skinni veðurbrigði landsins. Lóðin gefur góð tækifæri, útistöðvarnar bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni og flæði. Sumum fannst gott að skila börnum í útiveru á meðan öðrum fannst það verra. Í útiveru er frjálsi leikurinn áberandi en stundum er farið í skipulagða leiki. Það sem tiltekið var að mætti fara betur voru atriði sem áttu sammerkt umræðunni um frjálsa leikinn svo sem að skoða aðkomu hins fullorðna og leikefni barnanna. Skoða hvort það bæti að bjóða meira flæði milli útiveru og inniveru.

Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Umgjörð samveru- og söngstunda ígrunduð.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Fræðsla um lestur í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022. Fagnaðarfundir settir í fast skipulag. Fræðsla um söngstundir í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022.  
Tímarammi: September/október 2022  
Mat: Fór fræðslan fram. Spurt um samveru- og söngstundir í viðhorfskönnun starfsmanna í maí 2023.
- Frjálsi leikurinn bæði úti of inni verður tekinn til umfjöllunar meðal starfsmanna og tækifæri sem gefast fyrir frjálsan leik með lausan efnivið ígrunduð með hlutverk starfsmanna sem útgangspunkt.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Umræða um hlutverk hins fullorðna og frjálsa leiksins tekin á starfsmannafundi haust 2022 og tækifæri lauss efniviðar skoðuð sérstaklega í því samhengi.  
Tímarammi: Haust 2023.  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.
- Frjálsi leikurinn bæði úti of inni verður tekinn til umfjöllunar meðal starfsmanna og tækifæri sem gefast fyrir frjálsan leik í kubbum og með lausan efnivið ígrunduð með hlutverk starfsmanna sem útgangspunkt.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Umræða um hlutverk hins fullorðna og frjálsa leiksins tekin á starfsmannafundi haust 2022 og tækifæri lauss efniviðar skoðuð sérstaklega í því samhengi. Kubbanámskeið í nóvember 2022.  
Tímarammi: Haust 2023.  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.



## Endurmat með foreldraráði leikskólans.

Útdráttur úr fundagerð frá endurmatsfundi með foreldraráði 31. maí 2022.

Breyttar áherslur leikskólans frá hausti 2021 varðandi heilsumatseðilinn voru bornar undir foreldraráðið. Breytt afmælishald hefur vanist vel. Í haust 2022 verður þeim sem vilja grænkeru fæði fyrir börnin sín mætt betur og reynt að efla þekkingu matráða og starfsmanna með þann tilgang að grænkeru fæðið verði sem fjölbreyttast.

Í haust 2021 var tekin ákvörðun um að hætta að bjóða börnunum uppá að horfa á sjónvarp en það hafði tíðkast að bjóða þeim að horfa á barnamyndir við ýmis tækifæri svo sem þegar þau áttu afmæli. Almennt þarf að huga að því að minnka skjátíma barnanna og hafa hann sem allra minnstan í leikskólanum svo foreldrar geti nýtt hann heima.

Rætt var um foreldrasamvinnu og hvernig hún væri sem farsælust. Foreldrafélag Marbakka hefur staðið fyrir uppákomum þar sem foreldrar hittast og kynnast hver öðrum. Foreldraráðið var sammála um að það væri æskilegt að einhver samvera foreldra væri í boði að hausti til að tengja foreldra í upphafi skólaárs og jafnvel hætta við t.d. páskaeggjaleitina ef uppákomur með aðkomu foreldra á vinnutíma væru orðnar of íþyngjandi.

Starfsaðferðir leikskólans ræddar og væntingar foreldraráðsins til starfsins. Deildarstjórar sendu út upplýsingar til foreldrar haust 2021 þar sem starf vetrarins var kynnt. Í þeim upplýsingum var talað um ýmsar áherslur sem hafa síðan ekki komið fram í starfinu svo sem vinna með Blæ og Lubba.

Foreldraráðið kallaði eftir verkfærum sem tengir heimilin við leikskólastarfið líkt og Lubbi gerði þegar hann kom heim með börnunum. Því velt upp hvort skráningar úr starfi leikskólans gætu myndað brú milli heimils og leikskóla þar sem þær gætu verið uppspretta samtala milli foreldra og barna.

Foreldráðið telur ástæðu til að skerpa á þeim leiðum sem foreldrar geta farið þegar þeir vilja ræða atriði tengd börnum sínum. Það er vont þegar ekki er hlustað á erindi foreldra sér í lagi þegar barni þeirra líður illa og þeir vilja hafa öruggan farveg til að koma erindum sínum á framfæri.

### Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Setja upp árs skipulag hvenær börnunum er boðið upp á sætmeti eða pylsur í leikskólanum.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Gerður er listi.  
Tímarammi: Ágúst/September.  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Styrkja matráð og starfsmenn leikskólans í kringum grænkeru fæði í þeim tilgangi að daglega verðir á boðstólum fjölbreytt grænkeru fæði fyrir börn foreldra sem það kjósa.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Leikskólastjóri og matráður fara á námskeið í gerð grænkeru fæðis. Fræðsla til starfsmanna um hvernig grænkerum skal mætt í leikskólum Kópavogs.  
Tímarammi: Hvor tveggja á haustönn. Leikskólastjóri og matráður fara fyrst og svo eru starfsmenn fræddir.  
Mat: Metið af og til yfir skólaárið í samtali við starfsmenn og matráð og svo þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Ákveða með hvaða hætti spjaltdölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum og útbúa fræðslutexta til rökstuðnings fyrir foreldra og starfsmenn.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.  
Leiðir: Spjaltdölvunefnd sett á laggirnar sem kemur með tillögur til starfsmanna um með hvaða hætti spjaltdölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum. Spjaltdölvunefndin setur saman fræðslutexta fyrir foreldra og starfsmenn með rökstuðningi fyrir notkuninni.

Tímarammi: Haustönn.

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Funda með foreldrafélaginu og fara yfir samstarfið og þær uppákomur sem foreldrafélagið stendur fyrir sér í lagi þar sem aðkoma foreldra er í boði.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og tengiliður starfsmanna við foreldrafélagið.

Tímarammi: Haustfundur stjórnar foreldrafélagsins.

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Endurskoða þær upplýsingar sem foreldrar fá á haustin um starf komandi skólaárs þannig þær byggi ekki upp væntingar hjá foreldrum sem standast ekki.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.

Leiðir: í október í kringum kynningarfund leikskólans fyrir foreldra verða teknar saman

glærुकynningar um starf hveurrar deilda sem foreldrar fá í tölvupósti. Upplýsingar

endurskoðaðar frá fyrri árum. Auk þess skal sérstök hlutverk elstubbarnanna í Marbakka tekin saman í viðburðar dagatal og sent á foreldra þessara barna.

Tímarammi: Október 2022.

Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.

- Hver deild kemur sér upp verkfæri sem tengið leikskólann við heimilin hvort sem það er með skráningum, í gengum vinnu með Lubba eða hvað annað.

Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar.

Leiðir: Hver deild ákveður á deildarfundum að hausti hvernig áætlað er að tengja heimilin við leikskólann á markvissan hátt.

Tímarammi: Komið í fast form í janúar 2023

Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans 2023.

- Leitað verður svara við þeim spurningum sem upp hafa komið í tengslum við persónugreinanlegar myndir af leikskólabörnum s.s. með hvaða hætti má nota þær til upplýsingamiðlunar og hvar er heimilt að að geyma þær í skýjalausnum?

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Leikskólastjóri mun fá svör við þeim álitaeftum sem enn eru í tengslum við

persónugreinanleg gögn og upplýsingamiðlun sem og geymslulausnir fyrir persónugreinanleg gögn.

Tímarammi: Haustönn 2022

Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.

- Þær leiðir sem eru í boði fyrir forelda til að koma erindum á framfæri við leikskólann verða skýrðar og kynntar fyrir þeim.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.

Leiðir: Tekið skal saman í lista hvaða leiðir foreldrar geta farið til að koma á framfæri erindum sínum og kynnt vel fyrir foreldrum.

Tímarammi: Október.

Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.

- Aukin áhersla skal lögð á að bjóða foreldra velkomna inn í leikskólann og að þeir fylgi barninu sínu til starfsmanns í upphafi dags og starfsmaður sé kvaddur þegar barnið er sótt.

Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Hvatning stjórnenda til starfsmanna og foreldra á fundum, í daglegum samskiptum og tölvupóstum.

Tímarammi: Þetta verður orðið að vana áður en haustönn lýkur 2022

Mat: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka vaktina af og til yfir skólaárið til að styðja við og meta árangur jafn óðum. Lokamat þegar umbótaráætlunin verður endurmetin.

## Rýnihópur 10 barna fædd 2016,

Tekið var rýnihópsviðtal við 10 börn sem fædd eru 2016 í júní. Stuðst var við fyrirfram spurningar en umræðan látin flæða.

Hvernig var í útskriftarferðinni? Krökkunum fannst gaman í útskriftarferðina. Krökkunum fannst gaman. Gaman að vera í íþróttahúsinu, hlaupa, ærslast og sveifla sér. Þau borðuðu ávexti, pizzu og sleikjó og ís.

Hvernig líður ykkur í matstofunni? Krökkunum finnst matstofan flott, gaman að syngja í matstofunni og þeim líður vel í henni.

Hvernig finnst ykkur maturinn í Marbakka? Maturinn er góður, pizza og grjónagrautur er mjög góður matur. Fiskurinn góður, langa og fiskur í raspi og lax sagði einn. Morgunmaturinn góður en þau sögðu að einu sinni hafi verið seríós á föstudögum og ristað brauð.

Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera í leikskólanum? Lita og perla var nefnt skemmtilegast hjá mörgum þeirra. Teikna og leika með bolta og fara út. Voru ekkert hrifin af Holukubbum þar sem það er svo leiðinlegt að taka til. Þeim finnst gaman að hlusta á lög, vera úti, fara í stoppdans og tjúttu. Þeim fannst ekki gaman að hlusta á þegar lesin er saga í leikskólanum. Þeim finnst gaman úti þegar það eru útistöðvar þegar þau voru spurð.

Börnin vissu ekki hvað sjálfbærni er en einn var með það á hreinu hvað matarsóun merkir. Þau sögðust stundum henda mat en kannski var það ekki gott að henda heilu brauði sögðu sumir.

Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Gera tiltekt í Holukubbum skemmtilega fyrir börnin og leikinn eftirsóknaverðan.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Haldið skal kubbanámskeið fyrir starfsmenn og gera skal gott skipulag í kringum tiltekt á holukubbum og einingakubbum. Endurskoða ítarefni með kubbum  
Tímarammi: Haust 2022  
Mat: Spurt um í viðhorfskönnun elstubbarnanna að vori hvernig er að leika í holukubbum.
- Hafa markvissar lestrarstundir fyrir börnin og á framhaldssögulestur fyrir þau elstu með það fyrir augum að börnin hafi ánægju af.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Fræðsla til starfsmanna um mikilvægi lesturs, utanaðkomandi aðili fenginn til að halda fyrirlestur á starfsmannafundi um lestur í leikskóla.  
Tímarammi: Fyrirlestur á haustönn 2022  
Mat: Spurt um hvað börnum finnst þegar lesið er fyrir þau, í viðhorfskönnun barnanna að vori.
- Ræða skal við börnin um orðið sjálfbærni og taka umræðu um sóun sérstaklega fyrir.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og sóun. Kaupa vigt svo börnin sjálf geta vigtað þann mat sem fer til spillist af diskunum þeirra þegar þau klára ekki matinn.  
Tímarammi: Allt skólaárið. Vigt skal kaupa að hausti.  
Mat: Spurt um sjálfbærni og sóun í viðhorfskönnun elstubbarnanna að vori.

## Símenntunaráætlun endurmetin.

- **September 2021:** 24. sept.: Innlegg um uppeldisfræðilegar skráningar. Ingunn starfsmaður Marbakka sér um innleggið. Barnavernd, fræðsla frá Jóhönnu Lilju verkefnisstjóra snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu, hjá Kópavogsbæ. **Hvortveggja gert.**
- **Október 2021:** Skyndihjálpar- og slysavarnarnámskeið. **Gert.**
- **Nóvember 2021: Fundur** milli 16:30 og 18:30 **í byrjun nóv.** Fræðsla um lærdómssamfélag. Sveinbjörg sér um innleggið. **18. nóvember skipulagsdagur:** Fræðsla til leikskólastarfsmanna um vinnu með börnum sem sýna ADHD einkenni og erfiða hegðun. Erindi frá skólaþjónustu Kópavogs. Í framhaldi af námskeiðinu verður jafningjafræðsla um viðhorf til allra barna. Unnið að dýpkun starfsaðferða í gegnum jafningjafræðslu við endurskoðun skólanámskrárinnar með áherslu á sýn á barnið Steinunn Jóns stýrir vinnunni. **Fundur** milli kl. 16:30 og 18:30 **í lok nóv.** Fræðsla um starfsaðferðir Reggio Emilia og námstækifæri. Unnur Henrys sér um innleggið. **Gert.**
- **Janúar 2022: 3. janúar skipulagsdagur.** Starfsfólk vinnur hann af sér. Fjórir tímar í október 2021 fara í skyndihjálpar- og slysavarnarnámskeið. Tveir tveggja tíma fundir í nóvember 2021 sem fara í endurskoðun skólanámskrárinnar, eflingu lærdómssamfélagsins og til að skerpa á starfsaðferðum Reggio Emilia. **Gert.**
- **Mars 2022: 17. mars skipulagsdagur:** Jafningjafræðsla í uppeldisfræðilegum skráningum áhersla lögð á æfingar allra starfsmanna í gerð skráninga. Jafningjafræðsla í tengslum við endurskoðun skólanámskrárinnar m.a. með áherslu á skapandi starf. **Gert.**
- **Maí 2022: 14. maí skipulagsdagur:** Hópeflisnámskeið. **Gert.**
- **Annað:** Á skólaárinu verða tvö menntafléttunámskeið á vegum HÍ í gangi í Marbakka. **Það endaði með að sótt voru þrjú menntafléttunámskeið. Árangur fyrst fremst persónulegur fyrir þátttakendur en lærdómssamfélag/námssamfélag blómstraði ekki í kringum þær.**

## Endurmat sérkennslunnar.

Núverandi sérkennslustjóri Unnur Ólöf tók saman þetta endurmat ásamt leikskólastjóra.

Skólaárið 2021 til 2022 fengu 20 börn sérkennslu af einhverju tagi, sum tímabundið en önnur jafnt og þétt yfir skólaárið. Fjórir kennarar komu að sérkennslu barna í 1 og 2 flokki en úthlutað var vegna þeirra 1,625% stöðuhlutfalli. Skólinn hefur einnig yfir að ráða 1,25% stöðuhlutfalli vegna barna í 3 og 4 flokki og hefur því hlutfalli verið skipt á deildir skólans í vetur og því í umsjá hvernar deildar að sinna þeim börnum sem falla undir þau viðmið. Sigurveig Hafsteinsdóttir hætti störfum sem sérkennslustjóri 1. október 2021 og tók Steinunn Jónsdóttir við starfinu til 15. febrúar 2022 þegar Unnur Ólöf Gunnarsdóttir hóf störf. Þessi skipti höfðu áhrif á framkvæmd sérkennslunnar og eftirfylgd og er svigrúm til að byggja upp og betrubæta starfið komandi vetur. Á sumum deildum gerðist það að starfsmaður sem sinnti stuðningi var komin í almenn deildarstörf og óljós skil á milli starfa.

Umbótarverkefni fyrir skólaárið 2022-2023:

- Starfsmenn sem sinna stuðningi tilheyra deild sérkennslunnar þar sem sérkennslustjóri er deildarstjóri.  
Ábyrgðaraðili: Sérkennslustjóri.  
Leiðir: Sérkennslustjóri heldur utan um starfsmenn sérkennslunnar, heldur reglulega deildarfundi með þeim og deilir verkefnum til þeirra ef stuðningsbörnin sem þeir sinna samkvæmt skipulagi eru fjarverandi.  
Tímarammi: Ágúst/september 2022.  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.

## Matsáætlun endurmetin.

- Á skólaárinu verður eftir fjóra mánuði í starfi stutt könnun lögð fyrir nýja starfsmenn. **Könnunin gerð en engin nýliði sem tók hana þar sem þeir stoppuðu ekki lengi í starfi.**
- Í janúar/febrúar verða starfsmannasamtöl við alla starfsmenn og þættir úr þeim viðtölum nýttir til endurmats m.a. varðandi upplýsingastreymi. **Gert, reyndar drógust þau yfir lengri tíma.**
- Í mars verður viðhorfskönnun meðal starfsmanna gerð af Skólapúlsinum. **Gert.**
- Í maí verður viðhorfskönnun meðal elstu barnanna þar sem spurt er m.a. hverju þau ráða í leikskólanum og þátttöku þeirra í minni matarsóun og flokkun sorps. **Gert.**
- Í maí verður viðhorfskönnun meðal starfsmanna þar sem spurt verður út í: Samstarf, samskipti og þekkingu á lærdómssamfélagi. Upplifir starfsfólk að rödd þeirra heyrst í uppeldisumræðunni? Hvað hefur starfsfólk lært um námstækifæri sem bjóðast í leikskólanum? **Deildarstjórar voru spurðir þessara spurninga í viðhorfskönnun í maí.**
- Í maí fer sérkennslustjórinn yfir gang sérkennslunnar á skólaárinu með stuðningsstarfsmönnum og matteymi. **Sérkennslustjóra skipti urðu á skólaárinu og var staðan leyst tímabundið af aðstoðarleikskólastjóra. Nýr sérkennslustjóri sem kom í febrúar lagði mat á sérkennsluna einn þ.e. ekki með stuðningsstarfsmönnum eða matsteymi.**
- Júní 2022 fer matsnefnd yfir umbótaáætlunina og metur hvað var gert og hvað ekki. **Leikskólastjóri fór fyrir umbótaáætlunina en starfsmenn lásu yfir og komu með athugasemdir.**

Matsþættir 2021-2022 - áætlun um gögn	
<b>Stjórnun</b>	
Faglegt samstarf	Endurskoðun skólanámskrár hófst á skólaárinu með því að teknir voru fyrir ákveðnir þættir úr henni til í umræðu sem var skráð, í gegnum hana var faglegt starf endurmetið
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Viðhorfskönnun meðal stjórnenda. Starfsmannakönnun í mars 2022.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>	
Skipulag náms og námsaðstæður	Umræður í starfsmannahópnum um ákveðna þætti úr starfinu á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og lausnateymisfundum.
Uppeldi, menntun og starfshættir	
Námssvið leikskólans	
Leikskóli margbreytileikans	
Mat á námi og velferð barna	
<b>Mannauður</b>	
Hlutverk leikskólakennara	Umræður í stjórnendateymi leikskólans og á fundum starfsmanna. Starfsmannakönnun í mars 2022.
Fagmennska starfsfólks	
Starfsánægja	Starfsmannakönnun í mars 2022.
<b>Leikskólabragur</b>	
Velferð og líðan barna	Rýnihópur barna í maí 2022.
<b>Innra mat</b>	
Skipulag og viðfangsefni	Sjálfsmatsskýrsla gefin út í ágúst 2022.
Gagnaöflun og vinnubrögð	
Opinber birting og umræður	

## Samantekt

Í þessari skýrslu er tekið saman það sjálfsmati sem fram fór á skólaárinu 2021 til 2022. Ein viðhorfskönnun meðal starfsmanna var gerð af ytri aðilum en að öðru leiti byggist sjálfmatið á fjölbreyttri gagnaöflun innan leikskólans.

### Samantekt umbótaverkefna fyrir skólaárið 2022-2023

- Aðkoma foreldra í matsteymi rædd með foreldraráðinu í nóvember og aðkoman skipulögð. Hvaða þætti og með hvaða hætti þeir óska eftir að koma að mati fyrir utan mat og yfirlestur á starfsáætlun og leikskóladagatali.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Haldinn fundur með foreldraráði í nóvember.  
Tímarammi: Nóv. 2022  
Mat: Athugað hvort þetta hafi verið gert þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Áfram skal leitað leiða við að gera upplýsingastreymi milli starfsmanna skilmerkilegt og aðgengilegt öllum starfsmönnum auk þess að efla þá í að vita hvar upplýsingarnar liggja.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Listaðu upp hvar tregða er í upplýsingamiðlun og hvar starfsmenn geta nálgast upplýsingar.  
Tímarammi: Næsta skólaár  
Mat: Spurt um upplýsingastreymi í starfsmannasamtölum í febrúar/mars.
- Unnið skal enn frekar að sjálfbærni í leikskólanum með auknu samtali við börnin um til dæmis um sóun og orðið sjálfbærni. Innkaup skulu skoðuð út frá sjálfbærni og umhverfisvernd.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og sóun. Einnig til færa innkaup sem gerð eru fyrir skólann átt að sjálfbærni.  
Mat: Spurt um sjálfbærni og sóun í viðhorfskönnun elsturbarnanna að vori.
- Endurheimta skal gæðaróðspor Marbakka sem framúrskarandi Reggio Emilia leikskóli.  
Ábyrgðarmaður: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Setja fréttir um starf í Marbakka sem er dæmigert starf í anda Reggio Emilia á samfélagsmiðla tvisvar til þrisvar á önn. Kynnum starf Marbakka fyrir foreldra í gegnum uppeldisfræðilegar skráningar reglulega yfir skólaárið. Starfsmenn taka þátt í kynningum þegar færi gefst til vekja athygli á frábæru starfi Marbakka.  
Tímarammi: Til vors 2023.  
Mat: Metið með talningu í maí 2023 á uppeldisfræðilegum skráningum sem sendar eru á foreldra, fréttum frá Marbakka og fjölda kynngina sem starfsmenn Marbakka hafa tekið þátt í.
- Styrkja lýðræðislegt samstarf og virkja mannauð í Marbakka í gegnum leiðtogahlutverk starfsmanna í anda lærdómssamfélags.  
Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Við endurskoðun á skólanámskrá Marbakka verður lýðræði, jafnrétti og mannréttindi krufið og í tengslum við það lærir starfsfólk saman um lýðræðislega samvinnu tengt fræðslu um lærdómssamfélag frá síðasta skólaári.  
Tímarammi: Allt skólaárið en hefst í október á endurskoðun skólanámskrá Marbakka.  
Mat: Spurt um samvinnu, lýðræði og stjórnunarhætti í viðhorfskönnun starfsmanna að vori.
- Aðstoðarleikskólastjóri, leikskólastjóri og sérkennslustjóri efla sig í lýðræðislegum stjórnunarháttum.  
Ábyrgð: Leikskólastjóri  
Leiðir: Aðstoðar-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja fræðslu hjá menntafléttunni til að styrkja stjórnendur til að leið lýðræðislegt skólastarf.  
Tímarammi: Allt skólaárið 2022 til 2023  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Stuðla að tímum fyrir faglega umræðu.  
Ábyrgð: Aðstoðarleikskólastjóri  
Leiðir: Skipuleggja undirbúningstíma með þeim hætti að faghópsumræður geti myndast.  
Tímarammi: Skipuleggja að hausti, endurskoða skipulag um áramót.  
Mat: Spurt um árangur í viðhorfskönnun starfsmanna í maí.
- Fræða starfsmenn um einelti, forvarnir og viðbrögð.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri  
Leiðir: Koma með fræðslu á starfsmannafundi haust 2022 um einelti.  
Tímarammi: Sept/okt 2022  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Gera feril um viðbrögð við einelti betur sýnilegan öllum.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri  
Leiðir: Prenta út ferilinn og setja á töflu í kaffistofu og birta á workplace  
Tímarammi: júní 2022  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri þróa samstarf sitt til lýðræðislegra stjórnunarháttanna í anda lærdómssamfélagsins.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Aðstoðarleikskóla-, leikskóla- og sérkennslustjóri sækja menntfléttunámskeið um forystu um nám og styðjandi menningu á vinnustaðnum.  
Tímarammi: Allt skólaárið 2022/2023  
Mat: Fyrirhugaðir þátttakendur námskeiðsins meta árangur af þátttöku. Spurt um stjórnun leikskólans í viðhorfskönnun meðal starfsmanna maí 2023.
- Umgjörð samveru- og söngstunda ígrunduð.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.  
Leiðir: Fræðsla um lestur í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022. Fagnaðarfundir settir í fast skipulag. Fræðsla um söngstundir í leikskóla á starfsmannafundi haust 2022.  
Tímarammi: September/október 2022  
Mat: Fór fræðslan fram. Spurt um samveru- og söngstundir í viðhorfskönnun starfsmanna í maí 2023.
- Frjálsi leikurinn bæði úti of inni verður tekinn til umfjöllunar meðal starfsmanna og tækifæri sem gefast fyrir frjálsan leik í kubbum og með lausan efnivið ígrunduð með hlutverk starfsmanna sem útgangspunktur.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Umræða um hlutverk hins fullorðna og frjálsa leiksins tekin á starfsmannafundi haust 2022 og tækifæri lauss efniviðar skoðuð sérstaklega í því samhengi. Kubbanámskeið í nóvember 2022.  
Tímarammi: Haust 2023.  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.
- Setja upp árs skipulag hvenær börnunum er boðið upp á sætmeti eða pylsur í leikskólanum.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Gerður er listi.  
Tímarammi: Ágúst/September.  
Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Styrkja matráð og starfsmenn leikskólans í kringum grænkeru fæði í þeim tilgangi að daglega verðir á boðstólum fjölbreytt grænkeru fæði fyrir börn foreldra sem það kjósa.  
Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
Leiðir: Leikskólastjóri og matráður fara á námskeið í gerð grænkeru fæðis. Fræðsla til starfsmanna um hvernig grænkerum skal mætt í leikskólum Kópavogs.  
Tímarammi: Hvor tveggja á haustönn. Leikskólastjóri og matráður fara fyrst og svo eru starfsmenn fræddir.  
Mat: Metið af og til yfir skólaárið í samtali við starfsmenn og matráð og svo þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023

- Ákveða með hvaða hætti spjaldtölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum og útbúa fræðslutexta til rökstuðnings fyrir foreldra og starfsmenn.  
 Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjórum.  
 Leiðir: Spjaldtölvunefnd sett á laggirnar sem kemur með tillögur til starfsmanna um með hvaða hætti spjaldtölvur eru notaðar í leikskólastarfinu með börnunum. Spjaldtölvunefndin setur saman fræðslutexta fyrir foreldra og starfsmenn með rökstuðningi fyrir notkuninni.  
 Tímarammi: Haustönn.  
 Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Funda með foreldrafélaginu og fara yfir samstarfið og þær uppákomur sem foreldrafélagið stendur fyrir sér í lagi þar sem aðkoma foreldra er í boði.  
 Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og tengiliður starfsmanna við foreldrafélagið.  
 Tímarammi: Haustfundur stjórnar foreldrafélagsins.  
 Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023
- Endurskoða þær upplýsingar sem foreldrar fá á haustin um starf komandi skólaárs þannig þær byggi ekki upp væntingar hjá foreldrum sem standast ekki.  
 Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.  
 Leiðir: í október í kringum kynningarfund leikskólans fyrir foreldra verða teknar saman glærुकyningar um starf hvernar deilda sem foreldrar fá í tölvupósti. Upplýsingar endurskoðaðar frá fyrri árum. Auk þess skal sérstök hlutverk elstúbarnanna í Marbakka tekin saman í viðburðar dagatal og sent á foreldra þessara barna.  
 Tímarammi: Október 2022.  
 Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.
- Hver deild kemur sér upp verkfæri sem tengið leikskólann við heimilin hvort sem það er með skráningum, í gengum vinnu með Lubba eða hvað annað.  
 Ábyrgðaraðili: Deildarstjórar.  
 Leiðir: Hver deild ákveður á deildarfundum að hausti hvernig áætlað er að tengja heimilin við leikskólann á markvissan hátt.  
 Tímarammi: Komið í fast form í janúar 2023  
 Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans 2023.
- Leitað verður svara við þeim spurningum sem upp hafa komið í tengslum við persónugreinanlegar myndir af leikskólabörnum s.s. með hvaða hætti má nota þær til upplýsingamiðlunar og hvar er heimilt að að geyma þær í skýjalausnum?  
 Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
 Leiðir: Leikskólastjóri mun fá svör við þeim álitafnum sem enn eru í tengslum við persónugreinanleg gögn og upplýsingamiðlun sem og geymslulausnir fyrir persónugreinanleg gögn.  
 Tímarammi: Haustönn 2022  
 Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.
- Þær leiðir sem eru í boði fyrir foreldra til að koma erindum á framfæri við leikskólann verða skýrðar og kynntar fyrir þeim.  
 Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri.  
 Leiðir: Tekið skal saman í lista hvaða leiðir foreldrar geta farið til að koma á framfæri erindum sínum og kynnt vel fyrir foreldrum.  
 Tímarammi: Október.  
 Mat: Metið á endurmatsfundi með foreldraráði leikskólans maí 2023.
- Aukin áhersla skal lögð á að bjóða foreldra velkomna inn í leikskólann og að þeir fylgi barninu sínu til starfsmanns í upphafi dags og starfsmaður sé kvaddur þegar barnið er sótt.  
 Ábyrgðaraðili: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.  
 Leiðir: Hvatning stjórnenda til starfsmanna og foreldra á fundum, í daglegum samskiptum og tölvupóstum.  
 Tímarammi: Þetta verður orðið að vana áður en haustönn lýkur 2022



Mat: Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka vaktina af og til yfir skólaárið til að styðja við og meta árangur jafn óðum. Lokamat þegar umbótaráætlunin verður endurmetin.

- Gera tiltekt í Holukubbum skemmtilega fyrir börnin og leikinn eftirsóknaverðan.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Halðið skal kubbanámskeið fyrir starfsmenn og gera skal gott skipulag í kringum tiltekt á holukubbum og einingakubbum. Endurskoða ítarefni með kubbum

Tímarammi: Haust 2022

Mat: Spurt um í viðhorfskönnun elstúbarnanna að vori hvernig er að leika í holukubbum.

- Hafa markvissar lestrarstundir fyrir börnin og á framhaldssögulestur fyrir þau elstu með það fyrir augum að börnin hafi ánægju af.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Fræðsla til starfsmanna um mikilvægi lesturs, utanaðkomandi aðili fenginn til að halda fyrirlestur á starfsmannafundi um lestur í leikskóla.

Tímarammi: Fyrirlestur á haustönn 2022

Mat: Spurt um hvað börnum finnst þegar lesið er fyrir þau, í viðhorfskönnun barnanna að vori.

- Ræða skal við börnin um orðið sjálfbærni og taka umræðu um sóun sérstaklega fyrir.

Ábyrgðaraðili: Aðstoðarleikskólastjóri.

Leiðir: Aðstoðarleikskólastjóri er þátttakandi í Erasmus+ verkefni skólaskrifstofu Kópavogs sem hverfist um sjálfbærni og mun koma með fræðslu tengda sjálfbærni sem skal nýtt til að styrkja starfsfólk til að ræða við börn um sjálfbærni og sóun. Kaupa vigt svo börnin sjálf geta vigtað þann mat sem fer til spillist af diskunum þeirra þegar þau klára ekki matinn.

Tímarammi: Allt skólaárið. Vigt skal kaupa að hausti.

Mat: Spurt um sjálfbærni og sóun í viðhorfskönnun elstúbarnanna að vori.

- Starfsmenn sem sinna stuðningi tilheyra deild sérkennslunnar þar sem sérkennslustjóri er deildarstjóri.

Ábyrgðaraðili: Sérkennslustjóri.

Leiðir: Sérkennslustjóri heldur utan um starfsmenn sérkennslunnar, heldur reglulega deildarfundum með þeim og deilir verkefnum til þeirra ef stuðningsbörnin sem þeir sinna samkvæmt skipulagi eru fjarverandi.

Tímarammi: Ágúst/september 2022.

Mat: Metið þegar umbótaráætlunin verður endurmetin júní 2023.